

## SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar  
og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 535/2014 með síðari breytingum.**

### 1. gr.

Við B-lið 47. gr. samþykktarinnar bætast 2 nýir töluliðir sem verða 6. og 7. töluliður svohljóðandi:

1. *Öldungaráð.* Samkvæmt samþykkt um öldungaráð Ísafjarðarbæjar kýs bæjarstjórn two fulltrúa og two til vara, Samtök eldri borgara í Ísafjarðarbæ tilnefna sex fulltrúa og sex til vara og Félag eldri borgara í Önundarfirði tilnefna einn fulltrúa og einn til vara. Kosið er til fjögurra ára.
2. *Ungmennaráð.* Samkvæmt samþykkt fyrir ungmannaráð Ísafjarðarbæjar skulu 9 fulltrúar eiga sæti í ungmannaráði. Þrír fulltrúar og þrír til vara skulu tilnefndir af nemendum Menntaskólans á Ísafirði, tveir fulltrúar og tveir til vara af nemendum Grunnskólans á Ísafirði, einn fulltrúi og einn til vara tilnefndir af nemendum Grunnskóla Önundarfjarðar, einn fulltrúi og einn til vara tilnefndir af nemendum Grunnskólans á Suðureyri, einn fulltrúi og einn til vara skipaðir af fjölskyldusviði Ísafjarðarbæjar, úr hópi ungmannna utan skóla. Tilnefnt skal árlega í ungmannaráð og skulu tilnefningar berast fyrir 1. október.  
Verði breyting á fjölda skóla í Ísafjarðarbæ, fjölgar eða fækkar fulltrúum í ráðinu til samræmis við það.

### 2. gr.

#### *Gildistaka.*

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 19. ágúst 2015.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Stefanía Traustadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 4. september 2015